

Forsætisnefnd

Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Vísað er til bréfs skrifstofu borgarstjórnar til forsætisnefndar, dags. 29. maí sl., um sama efni. Þar kemur m.a. fram að gildandi reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar tóku gildi við samþykkt þeirra í borgarráði 29. október 2009. Í 5. gr. þeirra reglna kemur fram að yfirfara skuli þær og endurskoða eftir þörfum a.m.k. árlega. Forsætisnefnd hefur yfirfarið reglurnar árlega og á fundi forsætisnefndar 20. júlí sl. var ákveðið að hefja endurskoðun á reglunum.

Á fundi forsætisnefndar 31. maí sl. var samþykkt að óska eftir umsögn Persónuverndar um fyrirbyggjandi drög að endurskoðuðum reglum sem lagðar voru fram á fundinum. Það var álit persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar að það þyrfti að fara fram mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 35. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679 sbr. ákvæði 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 vegna endurskoðunarinnar. Í framhaldi af matinu var þess óskað að Persónuvernd veitti Reykjavíkurborg fyrirframsamráð í samræmi við ákvæði 30. gr. laganna. Nánar um það vísast til erindi persónuverndarfulltrúa til Persónuverndar dags. 7. júní sl. og meðfylgjandi mats skrifstofu borgarstjórnar á áhrifum á persónuvernd.

Lagðar eru fram að nýju endurskoðaðar reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar ásamt erindi Reykjavíkurborgar til Persónuverndar. Gert hefur verið ráð fyrir því í fyrirbyggjandi drögum að forsætisnefnd geti vísað endurskoðuðum reglum til samþykktar borgarstjórnar en frestað gildistöku þeirra þar til niðurstaða fyrirframsamráðs við Persónuvernd liggur fyrir.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

